

Skurðaðgerð vegna gláku

Gláka er hægfara langvinnur augnsjúkdómur sem veldur skemmd á sjóntaug og getur því valdið varanlegri skerðingu á sjónsviði og blindu sé hann ekki meðhöndlaður. Gláka er þögull sjúkdómur í byrjun, þ.e. veldur yfirleitt ekki einkennum fyrr en hann er langt genginn.

Skurðaðgerð er framkvæmd ef önnur meðferð skilar ekki tilætluðum árangri og kemur þannig í veg fyrir frekari skemmdir á sjóntaug og sjónsviði.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við hjartalækni eða augnskurðlækni. Einungis þarf að hætta blóðþynningu fyrir stærri aðgerðir og er sjúklingur þá upplýstur um það.

Akstur

Ekki má aka bíl eftir aðgerðina fyrr en eftir skoðun hjá augnlækni daginn eftir aðgerð.

Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu og þvo hárið áður en komið er á spítalann. Karlmenntur þurfa að þvo skegg. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna. Ekki má nota andlitsfarða og skilja á skartgripi eftir heima.

Borða má morgunmat og taka inn föst lyf eins og venjulega, nema annað hafi sérstaklega verið tekið fram.

Mæting er á göngudeild Eiríksstötu 5 á umsömdum tíma. Staðfesta þarf komu í sjálfsafgreiðsluvél á 1. hæð og fara þaðan á biðstofu á göngudeild augnsjúkdóma á 2. hæð. Gera má ráð fyrir að vera á deildinni í 2-3 klukkustundir. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Aðgerð

Gefnir eru augndropar fyrir aðgerð og róandi lyf. Ekki má hreyfa sig, hósta eða spjalla á meðan á aðgerð stendur. Ef vart verður við óþægindi á að láta vita af því. Aðgerðin tekur 20-60 mínútur. Umbúðir og harður skjöldur er settur yfir augað að aðgerð lokinni.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomu hjá augnlækni daginn eftir aðgerð
- Lyfseðil sendan í Lyfjagátt

Útskriftarfræðsla

Fyrst eftir aðgerð getur sjónin verið í móðu og augað verið viðkvæmt fyrir birtu. Alltaf ber að varast að nudda augað.

Umbúðir og umhirða auga

- Umbúðir eru hafðar óhreyfðar í sólarhring eftir aðgerð. Augnlæknir fjarlægir umbúðir í fyrsta endurkomutíma.
- Sofa þarf með skjöld yfir aðgerðarauga í að minnsta kosti eina viku og jafnvel lengur samkvæmt fyrir mælum læknis.
- Þvo þarf í kringum augað með mjúkri grisju tvisvar á dag með volgu vatni. Gæta þarf þess að þrýsta ekki á augað við þvott.
- Fara má í sturtu en þá er mikilvægt að hafa harðan skjöld yfir auganu.
- Ekki má nota maskara á augnhár fyrstu vikurnar eftir aðgerð vegna sýkingarhættu.

Augndropar

Nota þarf augndropa samkvæmt fyrir mælum læknis. Ekki má setja neina dropa í augað fyrr en eftir fyrstu eftirskoðun. Droparnir hafa tvíþætta verkun; fyrirbyggja sýkingu og minnka bólgumyndun. Þvo þarf hendur fyrir gjöf augndropa til að minnka hættu á sýkingu.

Verkir

Verkir í auga eru yfirleitt vægir en geta verið meðal annars vegna sauma. Nota má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli. Þó má ekki nota bólgueyðandi verkjalyf fyrstu dagana (t.d. íbúprófen) án samráðs við augnlækni, því þau geta aukið hættu á blæðingu.

Hreyfing

Forðast á að bogra eða reyna mikið á sig, svo sem að lyfta þungu, í fjórar vikur eftir aðgerð þar sem það getur aukið þrýsting í auganu. Ekki má fara í sund í mánuð eftir aðgerðina vegna sýkingarhættu.

Vinna

Augnlæknir veitir upplýsingar í endurkomutíma um hvenær má byrja vinnu. Algengt er að vera frá vinnu í fjórar vikur eftir glákuaðgerð.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Strax á að hafa samband við deildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu vikuna eftir aðgerð:

- Slæmur verkur í auga og lagast ekki við verkjalyf s.s panodil
- Aukin útfærð úr auganu
- Sjónin versnar skyndilega
- Vaxandi roði í augnhvítu
- Ógleði eða höfuðverkur gerir vart við sig

Eftir kl. 15:30 og um helgar er hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og beðið um samband við vakthafandi deildarlækni á augndeild.

Símanúmer

Göngudeild augnsjúkdóma er opin virka daga frá klukkan 08:00-16:00, sími 543 7111 eða 543 7110.